


3.1.4 Umhverfis- og skipulagssvið



Rekstur USK (m.kr.)	Raun 2019	Áætlun 2019	Frávik	%
Tekjur	2.526	2.337	189	8,1%
Laun og launat. gj.	1.829	1.808	22	1,2%
Annar rekstrark.	5.832	5.742	90	1,6%
Nettó útgjöld	5.135	5.212	-77	-1,5%

undir fjárheimildum, **Samgöngustjóri** var 20 m.kr. undir fjárheimildum, **Bílastæðasjóður** var 19 m.kr. undir fjárheimildum og **Stefnumótun og greining** var 12 m.kr. undir fjárheimildum tímabilsins.

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri Umhverfis- og skipulagssviðs janúar til ágúst 2019 í samanburði við fjárheimildir tímabilsins. Prósentuhlutföll í töflu lýsa frávikum frá raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

Nettó útgjöld sviðsins voru 5.135 m.kr. eða 77 m.kr. undir fjárheimildum eða um 1,5%.

Tekjur voru 2.526 m.kr. sem var 189 m.kr. yfir áætlun eða um 8,1%. Tekjur **bílastæðasjóðs** voru 205 m.kr. yfir áætlun.

Laun og launatengd gjöld námu 1.829 m.kr. sem var 22 m.kr. yfir fjárheimildum eða um 1,2%. Launakostnaður **skrifstofu sviðstjóra** var 17 m.kr. yfir áætlun, **samgöngur** voru 10 m.kr. yfir áætlun og **Vinnuskólinn** var 33 m.kr. yfir áætlun á tímabilinu. Launakostnaður **bílastæðasjóðs** var 51 m.kr. undir áætlun og **útmörk** var 12 m.kr. undir áætlun.


Annar rekstrarkostnaður nam 5.832 m.kr. sem var 90 m.kr. yfir fjárheimildum eða um 1,6%. Helstu frávikin voru vegna **reksturs gatna og opinna svæða** sem var 425 m.kr. yfir fjárheimildum, sem einkum má rekja til vetrarþjónustu 261 m.kr., grassláttar 58 m.kr. og garðyrkju 52 m.kr. **Leiga gatnakerfis** var 32 m.kr. undir fjárheimildum og **Viðhald gatna** var 161 m.kr. undir fjárheimildum tímabilsins. **Byggingarfullrúi** var 30 m.kr. undir fjárheimildum, **Skipulagsfullrúi** var 37 m.kr.

Málaflokkar USK (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2019	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2019	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2019	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2019	Frávik	%
Skrifstofa sviðstj. og miðlæg þjónusta	176	177	0	323	303	20	344	376	-33	490	503	-13	-2,5%
Skipulagsfullrúi	23	22	1	130	125	5	56	93	-37	162	196	-33	-16,9%
Samgöngustjóri og borgarhönnun	890	683	207	232	273	-41	325	365	-39	-332	-45	-288	646,3%
Byggingarfullrúi	115	152	-36	162	157	5	9	39	-30	56	45	11	25,3%
Umvhverfisgæði	1.194	1.185	9	789	752	37	948	945	3	544	512	31	6,1%
Heilbrigðiseftirlit	125	117	8	175	167	8	29	31	-2	80	81	-2	-2,3%
Framkvæmdir og viðhald mannvirkja	0	0	0	0	0	0	584	745	-161	584	745	-161	-21,6%
Rekstur og umhirða borgarlands	2	2	0	18	30	-12	3.536	3.147	389	3.552	3.174	377	11,9%
Samtals	2.526	2.337	189	1.829	1.808	22	5.832	5.742	90	5.135	5.212	-77	-1,5%

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Vetrarþjónustan var 261 m.kr. yfir fjárheimildum.
- Rekstur bílastæðasjóðs skilaði 275 m.kr. umfram áætlun.

3.2.2 Umhverfis- og skipulagssvið (ES)



USK (m.kr.)	Raun 2019	Áætlun 2019	Frávik	%
Tekjur	2.939	2.695	244	9,1%
Laun og launat. gj.	1.240	1.331	-91	-6,9%
Annar rekstrark.	3.501	3.156	345	10,9%
Rekstrarniðurstaða	-1.802	-1.792	10	0,6%

Garðyrkja Jafnaseli var 15 m.kr. yfir fjárheimildum tímabilsins.

Annar rekstrarkostnaður var 3.501 m.kr. og reyndist 345 m.kr. yfir fjárheimildum eða um 10,9%. **Rekstur gatna og opinna svæða** var 439 m.kr. yfir fjárheimildum einkum vegna vetrarþjónustu 261 m.kr., grassláttar 58 m.kr. og garðyrkju 52 m.kr. **Viðhald gatna og opinna svæða** var 166 m.kr. undir fjárheimildum tímabilsins. **Viðhald fasteigna** var 83 m.kr. undir fjárheimildum, **Ferlimál fatlaðs fólks** var 25 m.kr. undir fjárheimildum en **færanlegar kennslustofur** voru 96 m.kr. yfir fjárheimildum tímabilsins. Annar rekstrarkostnaður vegna **útseldrar þjónustu** var 12 m.kr. yfir áætlun tímabilsins.

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Frávik voru mest í vetrarþjónustu sem var 261 m.kr. yfir fjárheimildum.

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri Umhverfis- og skipulagssviðs í Eignasjóði fyrir janúar til ágúst 2019 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) tímabilsins. Prósentuhlutföll lýsa frávikum raun niðurstöðu m.v. áætlun. Allar tölur eru í milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða Umhverfis- og skipulagssviðs í Eignasjóði var neikvæð um 1.802 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir neikvæðri afkomu upp á 1.792 m.kr. Rekstrarniðurstaðan var því 10 m.kr. verri en áætlun gerði ráð fyrir eða um 0,6%.

Tekjur voru 2.939 m.kr. eða 244 m.kr. yfir áætlun sem jafngildir 9,1%. Tekjur vegna **reksturs gatna og opinna svæða** voru 439 m.kr. yfir áætlun, þar af voru 425 m.kr. (sem færast sem útgjöld hjá Aðalsjóði) einkum vegna vetrarþjónustu, grassláttar og garðyrkju. Tekjur af **viðhaldi gatna og opinna svæða** voru 166 m.kr. undir áætlun, þar af voru 161 m.kr. (sem færast sem útgjöld hjá Aðalsjóði). Tekjur af **útseldri þjónustu** voru 14 m.kr. lægri en áætlað var á tímabilinu.

Laun og launatengd gjöld voru 1.240 m.kr. sem var 91 m.kr. undir fjárheimildum eða um 6,9%. **Skrifstofa Framkvæmda og viðhalds** var 26 m.kr. undir fjárheimildum, **Hverfastöð Njarðargötu** var 21 m.kr. undir og **Hverfastöð Jafnaseli** var 49 m.kr. undir fjárheimildum tímabilsins.